**Frumkvæði – Virðing – Árangur**



# Ársskýrsla 2011

**Efnisyfirlit**

Ávarp forstjóra .......................................................................... 3
Ýmsar fréttir úr starfseminni .................................................................. 5
Ýmsar tölur úr starfseminni ..................................................................... 6
Ársreikningur Reykjalundar .................................................................... 8
Ársreikningur Hleinar ............................................................................. 19
Ársreikningur Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsnæðis ........................................ 27

## Ávarp forstjóra

Reykjalundur stendur frammi fyrir því gríðarlega erfiða verkefni að aðlaga starfsemina að stöðugt minni fjárveitingum ár eftir ár.  Sparnaðaraðgerðirnar hafa verið erfiðar og oft sársaukafullar en engu að síður nauðsynlegar til að ná settu marki um hallalausan rekstur.  Stjórnendur og starfsmenn Reykjalundar hafa farið í gegnum allsherjar endurskoðun á allri starfsemi stofnunarinnar.  Starfsmenn hafa tekið á sig kjaraskerðingar, vinnufyrirkomulag hefur verið endurskipulagt, stoðþjónustu úthýst og aukin áhersla lögð á dag- og göngudeildarþjónustu og dregið verulega úr innlögnum og þjónustu í tengslum við þær. Starfsmönnum hefur fækkað um rúmlega 30 stöðugildi og stefnir í að heildarsparnaður á þremur árum verði hátt í kr. 300 millj.

Á Reykjalundi hvílir sú skylda að veita þjónustu á þeim sviðum endurhæfingar og í því magni sem skilgreint er í þjónustussamningi við ríkisvaldið.  Fram til þessa hefur okkur hér á Reykjalundi tekist að standa vörð um starfsemi stofnunarinnar og er það afrek út af fyrir sig og eiga allir starfsmenn Reykjalundar þakkir skildar fyrir það.  Án samstillts átaks allra starfsmanna hefði þetta aldrei tekist. Mannauður Reykjalundar er okkar dýrmætasta auðlind það er því ábyrgðarhluti að ganga ekki of hart fram í því að auka stöðugt álag á starfsmenn.

Reykjalundur hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem stærsta endurhæfingarstofnun landsins og miðstöð endurhæfingarstarfsemi á Íslandi.  Meðalaldur sjúklinga sem fá meðhöndlun á Reykjalundi var á síðasta ári 51 ár og er Reykjalundur því fyrst og fremst að endurhæfa fólk á vinnufærum aldri.  Meðferðarstarfið hefur því mikið þjóðhagslegt gildi.  Á okkur hvílir sú ábyrgð að koma sem best til móts við þarfir og eftirspurn eftir þjónustu á okkar vegum.  Því er það mikilvægt að við spyrjum okkur stöðugt hvort þær aðferðir og vinnutilhögun sem við beitum í meðferðarstarfinu séu þær bestu og hagkvæmustu.  Við núverandi aðstæður þurfum við að vera tilbúin til að hugsa hlutina uppá nýtt og með opnu hugarfari. Stöðugt þarf að endurmeta alla verkferla í meðferðarstarfinu.   Í því samhengi hefur t.d. verið mörkuð sú stefna til framtíðar að minni áhersla verður á innlagnarþjónustu og aukin áhersla á dagdeildar- og göngudeildarþjónustu.

Knýjandi þörf er á því að stjórnvöld í samvinnu við heilbrigðisstofnanir móti framtíðarsýn um það hvernig við komumst í gegnum það samdráttarskeið sem við göngum í gegnum.  Stjórnvöld verða að svara þeirri spurningu hvernig heilbrigðiskerfið eigi að líta út að þessu tímabili loknu.  Það gengur einfaldlega ekki að lengra verði seilst í niðurskurði á fjárveitingum til stofnana á borð við Reykjalund án þess að af því hljótist óbætanlegt tjón.  Reykjalundur er einfaldlega komin að þolmörkum í sparnaði eftir að hafa tekið á sig hátt í 20% niðurskurð á fjárframlögum á þremur árum.  Lengra verður einfaldlega ekki gengið án þess að stórskaða grunnstoðir meðferðarstarfsins.

Til framtíðar litið er ljóst að við þurfum að efla enn frekar þá þjónustu sem veitt er á dag- og göngudeild og koma þannig til móts við þarfir sem flestra sem til okkar leita.  Markmið í sparnaði þarf að vera að verja þá starfsemi sem við stöndum fyrir með öllum ráðum.  Samhliða því er nauðsynlegt að við hugsum í lausnum en ekki vandamálum og séum opin fyrir nýjum leiðum.  Aukið samstarf og eða sameiningar stofnana á sviði endurhæfingarstarfsemi er eitthvað sem þarf stöðugt að vera til skoðunar.  Reykjalundur hefur í samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ þróað spennandi meðferðartilboð í gegnum fjarfundabúnað sem getur einnig nýst viðkomandi til eininga á framhaldskólastigi.

Fjarþjónusta er eitthvað sem Reykjalundur þarf örugglega að tileinka sér í auknu mæli í framtíðinni sem þátt í þjónustu við íbúa utan höfuðborgarsvæðisins og einnig mögulega sem stuðningur og/eða sérfræðiráðgjöf fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana. Reykjalundur er mikilvægur hlekkur í menntun heilbrigðisstétta og hefur verið gengið frá samningum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri til að ramma inn það hlutverk. Þrátt fyrir alla erfiðleika er miklvægt að missa ekki móðinn og hjá Reykjalundi er ekkert annað á dagskrá en að vera áfram í fararbroddi í endurhæfingarstarfi á Íslandi.

Reykjalundi í maí 2012
Birgir Gunnarsson forstjóri

**Ýmsar fréttir úr starfseminni**

**Janúar.**
HAM handbók um hugræna atferlismeðferð, 6. útgáfa, endurskoðuð og bætt, gefin út. HAM-bókin kom fyrst út 2002 og hefur verið endurskoðuð og endurútgefin reglulega síðan.
Meðferðarsviðið Atvinnuleg endurhæfing breytir um nafn og heitir nú Starfsendurhæfing Reykjalundar.
Tímaskráningarkerfið Bakvörður tekið í notkun á Reykjalundi.

**Febrúar.**
Fræðsludagur á vegum parkinsonsteymis Reykjalundar fyrir fólk sem nýlega hefur greinst með parkinsonsveiki og aðstandendur þess.

**Mars**
Vísindaráð Reykjalundar býður starfsfólki uppá námskeið í að finna vísindagreinar, fylgjast með nýjungum á fagsviði og að nota klínískt efni heilbrigðisvísindabókasafns LSH.

**Apríl**
Karl Kristjánsson tekur sæti í vísindaráði Reykjalundar. Fyrir eru Ásdís Kristjánsdóttir sjúkraþjálfari sem nú er formaður og Gunnhildur Gísladóttir iðjuþjálfi.
Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjalundar var haldinn þann 28. apríl.
Fræðsludagur á Reykjalundi: Parkinsonsveikin staðfest – hvað svo? haldinn þann 28. apríl.

**Maí.**
Framkvæmdir við lóð fyrir framan nýjan aðalinngang hefjast.
Móttaka göngudeildar og símaskiptiborð flutt í nýju móttökuna.
Málþingið „Hreyfing sem meðferðarform“ var haldið föstudaginn 13. maí.
Starfsfólk geðsviðs Reykjalundar gaf út handbók um hugræna atferlismeðferð, bæði á bókarformi og í netútgáfu á www.ham.reykjalundur.is. Í fyrsta sinn er slíkt efni á íslensku sett inn á veraldarvefinn og getur nýst almenningi til sjálfshjálpar eða með aðstoð meðferðaraðila.
Aðalfundur Fagráðs Reykjalundar var haldinn þann 26.maí 2011.

**Júní**
Starfsmannafélag Reykjalundar hélt fjölskyldudag á Þingvöllum þann 25. júní.

**September**
Starfsmannafélag Reykjalundar hélt Kolaportsdag þann 7. september.
Inga Hrefna Jónsdóttir, sálfræðingur á Reykjalundi fékk viðurkenningu á Evrópuráðstefnunni um hugaræna atferlismeðferð fyrir framlag á sviði HAM á Íslandi.
Fimmtudaginn 8.9. var haldið málþing um parkinsonveiki í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda. Parkinsonteymi taugasviðs Reykjalundar hafði frumkvæði að málþinginu ásamt Taugalæknafélagi Íslands, en einnig tóku þátt fyrirlesarar frá Landsspítala og Háskóla Íslands.
Málþing um endurhæfingarhjúkrun var haldið á Reykjalundi.
Reykjalundarkórinn hefur sitt 25. starfsár.

**Október**
Í gær fékk Geðsvið Reykjalundar afhent hvatningarverðlaun Forvarna-og fræðslusjóðsins „ÞÚ GETUR“ á Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum fyrir HAM-bókina.
Starfsmannafélag Reykjalundar heldur októberfest.

**Nóvember**
Vísindadagur á Reykjalundi var haldinn í áttunda sinn föstudaginn 18. nóvember.

**Desember**
Jólasala iðjuþjálfunar var haldin með tilheyrandi kakó og vöfflum þann 7. desember.
Þann 21. desember voru 9 starfsmenn sem unnið hafa 20 ár á Reykjalundi heiðraðir.

# Ýmsar tölur úr starfseminni

| | 2011 | | 2010 | | 2009 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Meðal-aldur | Fjöldi | Meðal-aldur | Fjöldi | Meðal-aldur | Fjöldi |
| Meðferð á geðsviði - C2 | 44,8 | 133 | 44,4 | 133 | 47,4 | 137 |
| Meðferð á gigtarsviði - A3 | 49,2 | 148 | 48,7 | 134 | 54,5 | 135 |
| Meðferð á hjartasviði - A1 | 56,2 | 217 | 58,3 | 206 | 57,8 | 224 |
| Meðferð á hæfingarsviði - A2 | 25,0 | 13 | 31,0 | 25 | 39,0 | 25 |
| Meðferð á lungnasviði - B2 | 58,7 | 175 | 59,0 | 170 | 58,8 | 167 |
| Meðferð á offitu- og næringarsv - O | 43,3 | 155 | 45,0 | 139 | 43,7 | 115 |
| Meðferð á sviði starfsendurhæfingar | 45,9 | 29 | 40,0 | 23 | 41,4 | 28 |
| Meðferð á taugasviði - A2 | 52,4 | 112 | 51,3 | 129 | 52,2 | 119 |
| Meðferð á verkjasviði - B3 | 40,1 | 194 | 42,7 | 166 | 44,3 | 155 |
| **Samtals** | | **1.176** | | **1.125** | | **1.105** |






| | Geð-svið | Gigtar-svið | Hjarta-svið | Hæf-ingar-svið | Lungna-svið | Offitu- og nær-ingar-svið | Starfs-endur-hæfing | Tauga-svið | Verkja-svið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KK | 35 | 28 | 160 | 10 | 77 | 32 | 19 | 50 | 79 |
| KVK | 98 | 120 | 57 | 3 | 98 | 123 | 10 | 62 | 115 |



# Reykjalundur
## Endurhæfingarmiðstöð S.Í.B.S
## Ársreikningur 2011

Reykjalundur,
Endurhæfingarmiðstöð
Reykjalundi
270 Mosfellsbær

Kt. 680172-0139

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ..... 3

Áritun óháðs endurskoðanda ..... 4

Rekstrarreikningur ..... 5

Efnahagsreikningur ..... 7

Sjóðstreymisyfirlit ..... 8

Skýringar ..... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Stofnunin rekur endurhæfingarmiðstöð fyrir skjólstæðinga sína til að bæta færni, virkni og þátttöku þeirra í daglegu lífi ásamt því að gangast fyrir og stunda rannsóknir og fræðslu í endurhæfingu.

Halli varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2011 að fjárhæð 5,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé stofnunarinnar nam í árslok 969,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af nemur stofnframlag S.Í.B.S. 1.138 millj. kr.

Stofnunin er í 100% eigu Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (S.Í.B.S.).

Stofnunin er ekki rekin með hagnaðarsjónarmiði og greiðir ekki arð til eigenda sinna.

Stjórn S.Í.B.S. og forstjóri hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2012.

Stjórn:



Forstjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar S.Í.B.S. og Ríkisendurskoðun.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar S.Í.B.S og jafnframt höfum við framkvæmt endurskoðun í umboði Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. apríl 2012.

***KPMG ehf.***

Margret G. Flovenz

# Rekstrarreikningur endurhæfingarmiðstöðvar 2011

## Skipt eftir tegundum

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur samkvæmt þjónustusamningi | | 1.328.500 | 1.345.600 |
| Tekjur þjálfunardeilda | | 23.372 | 23.953 |
| Fæðissala | | 11.224 | 9.198 |
| Húsaleiga | | 11.913 | 11.689 |
| Aðrar tekjur | | 14.181 | 16.568 |
| Gjafir og styrkir | | 0 | 20 |
| | | 1.389.190 | 1.407.028 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 1.108.749 | 1.090.350 |
| Aðkeypt vinna og sérfræðiþjónusta | | 11.552 | 9.233 |
| Lyf | | 7.155 | 4.900 |
| Súrefni | | 6.489 | 6.593 |
| Aðkeyptar rannsóknir og rekstrarvörur | | 7.232 | 6.241 |
| Hjúkrunarvörur og lækningatæki | | 2.439 | 2.092 |
| Sjúklingatryggingar | | 2.041 | 2.144 |
| Þvottur, hreinlætisvörur, lín og fatnaður | | 10.065 | 10.225 |
| Matvæli | | 37.346 | 35.738 |
| Sími, pappír og skrifstofuvörur | | 9.978 | 10.878 |
| Rekstur upplýsingakerfa | | 25.117 | 31.056 |
| Viðhald tækja og búnaðar | | 8.790 | 9.634 |
| Viðhald húsnæðis og lóðar | | 50.006 | 54.820 |
| Rafmagn, hiti og fasteignatengd gjöld | | 52.598 | 51.770 |
| Gjaldfærð tæki og búnaður | | 9.377 | 17.131 |
| Akstur, flutnings- og ferðakostnaður | | 14.971 | 15.818 |
| Annað, námskeið, tryggingar o.fl. | | 12.602 | 12.662 |
| Afskriftir | 9 | 23.804 | 24.554 |
| | | 1.400.311 | 1.395.839 |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | ( 11.121) | 11.189 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 7.520 | 9.679 |
| Vaxtagjöld | | ( 1.682) | ( 1.971) |
| | | 5.838 | 7.708 |
| **(Halli) afgangur ársins** | 15 | ( 5.283) | 18.897 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fasteignir og nýframkvæmdir | | 1.150.355 | 1.162.791 |
| Innréttingar og veitukerfi | | 6.365 | 13.337 |
| Bifreiðar, vélar, tæki og búnaður | | 23.263 | 27.659 |
| Fastafjármunir | 2, 9,11,12 | 1.179.983 | 1.203.787 |
| Vörubirgðir | 3,13 | 875 | 2.016 |
| Útistandandi, daggjöld og sértekjur | 4,14 | 6.037 | 3.013 |
| Hlein, sambýli fatlaðra | | 4.425 | 6.255 |
| Aðrar kröfur | | 2.324 | 14.620 |
| Handbært fé | | 202.207 | 178.667 |
| Veltufjármunir | | 215.868 | 204.571 |
| **Eignir samtals** | | 1.395.851 | 1.408.358 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| Stofnframlag S.Í.B.S. | | 1.138.195 | 1.138.195 |
| Önnur framlög | | 353.074 | 344.744 |
| Höfuðstóll | | ( 521.557) | ( 516.274) |
| Eigið fé | 15 | 969.712 | 966.665 |
| **Framlög** | | | |
| Erfðafjársjóður | | 3.959 | 3.959 |
| Framkvæmdasjóður fatlaðra | | 60.397 | 60.397 |
| Geðverndarfélag Íslands | | 7.712 | 7.712 |
| | 16 | 72.068 | 72.068 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 161.132 | 167.265 |
| | 18, 19 | 161.132 | 167.265 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Lánardrottnar | | 16.753 | 42.053 |
| Afborganir langtímalána á næsta ári | 19 | 14.874 | 14.135 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 161.312 | 146.172 |
| | | 192.939 | 202.360 |
| Skuldir samtals | | 354.071 | 369.625 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.395.851 | 1.408.358 |

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 17 | 1.840.762 | 1.718.543 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Halli) afgangur ársins | 15 | ( 5.283) | 18.897 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 23.804 | 24.554 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | ( 925) |
| Verðbætur langtímalána | | 9.090 | 4.828 |
| Veltufé frá rekstri | | 27.611 | 47.354 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 1.141 | ( 69) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 11.102 | ( 13.437) |
| Viðskiptaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 10.160) | 10.289 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 2.083 | ( 3.217) |
| Handbært fé frá rekstri | | 29.694 | 44.137 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Innborgað vegna seldra varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 1.650 |
| Fjárfestingahreyfingar | | 0 | 1.650 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Framlög vegna anddyris | | 0 | 12.000 |
| Framlög vegna Miðgarðs | | 2.897 | 20.247 |
| Framlög vegna Þjálfunarhúss | | 22.740 | 22.966 |
| Fjármagnskostnaður vegna þjálfunarhúss | | ( 17.307) | ( 13.704) |
| Greiddar afborganir langtímalána | | ( 14.484) | ( 13.987) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 6.154) | 27.522 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 23.540 | 73.309 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 178.667 | 105.358 |
| **Handbært fé í árslok** | | 202.207 | 178.667 |

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 3. Birgðir

Vörubirgðir í árslok 2011 eru metnar á síðasta innkaupsverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

### 4. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

### 5. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbindingar sem hvíla á stofnuninni, hafa verið reiknaðar en hvorki færðar til gjalda né skuldar þar sem miðað er við að endurgreiðslur frá ríkissjóði muni berast jafnóðum og skuldbindingin fellur til greiðslu. Skuldbindingin var reiknuð af tryggingafræðingi í árslok 2010, en hafði frá þeim tíma verið verðbætt miðað við hækkun vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn og vaxtareiknuð miðað við 2% vexti. Skuldbindingarinnar er getið neðst í efnahagsreikningi og í skýringu 17.

### 6. Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegum kostnaði eins og rekstri óskiptra fasteigna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á endurhæfingarmiðstöð, Hlein og Rekstrarsjóð iðnaðarhúsnæðis. Í tilfelli Hleinar er kostnaðinum skipt í samræmi við áætlaða notkun einstakra þátta samkostnaðarins og í tilfelli Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsnæðis í samræmi við tímamælda vinnu.

### 7. Starfsmannamál

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 855.283 | 849.522 |
| Launatengd gjöld | 253.466 | 240.828 |
| | 1.108.749 | 1.090.350 |

8. Á árinu voru stöðugildi að meðaltali 151,4 (2010: 163,9) og fjöldi starfsmanna í árslok var 175 (2010: 184). Laun forstjóra auk fimm manna framkvæmdastjórnar (2010: þriggja manna) námu alls 57 millj. kr. (2010: 42,4 millj.kr.).

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir og nýframkvæmdir | Innréttingar og veitukerfi | Bifreiðar, vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1.2011 | 1.352.691 | 173.827 | 186.795 | 1.713.313 |
| Fært á milli flokka á árinu | 0 | ( 9.531) | 9.531 | 0 |
| Niðurlagt á árinu | 0 | ( 146.141) | ( 111.095) | ( 257.236) |
| Stofnverð 31.12.2011 | 1.352.691 | 18.155 | 85.231 | 1.456.077 |
| Afskrifað 1.1. 2011 | 189.900 | 160.490 | 159.136 | 509.526 |
| Afskrift ársins | 12.437 | 1.587 | 9.780 | 23.804 |
| Afskrift færð á milli flokka | | ( 4.147) | 4.147 | 0 |
| Afskrift færð út | | ( 146.141) | ( 111.095) | ( 257.236) |
| Afskrifað 31.12.2011 | 202.337 | 11.789 | 61.968 | 276.094 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 1.150.354 | 6.366 | 23.263 | 1.179.983 |
| Afskriftahlutföll | 1% | 12% | 7-12% | |

## 10. Rekstrarleigusamningar

Í ársbyrjun og árslok hafði stofnunin dráttarvél á rekstrarleigu sem lýkur í febrúar 2012. Leigugreiðslur námu 2,2 millj.kr. á árinu 2011. Skuldbinding vegna þessa samnings er ekki færð í efnahagsreikning.

## 11. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð fasteigna í árslok 2011 nam eftirtöldum fjárhæðum:

| | Fasteignamat | Vátryggingarverðmæti | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fasteignir og nýframkvæmdir | 1.897.940 | 3.219.810 | 1.150.354 |

Vátryggingaverðmæti véla, áhalda og búnaðar nam 574,6 millj. kr. í árslok 2011.

## 12. Veðsetningar og ábyrgðir

Á fasteignum Reykjalundar hvílir þinglýst tryggingarbréf að fjárhæð 160 millj. kr. til tryggingar skuldum endurhæfingarmiðstöðvarinnar og Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsnæðis. Auk þess hefur endurhæfingarmiðstöðin skuldbundið sig til að veðsetja hvorki né selja fasteignir, vegna skuldar að eftirstöðvum 186,5 millj. kr., nema með samþykki Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.)

Heilbrigðisráðuneytið hefur undir höndum tryggingarbréf að fjárhæð 85 millj. kr. til tryggingar á að þjónustusamningur sem endurhæfingarmiðstöðin gerði við Heilbrigðisráðuneytið verði efndur.

## 13. Birgðir

Lyfjabirgðir og birgðir fræðslubæklinga námu samtals 0,9 millj. kr. í árslok.

## 14. Skammtímakröfur

Útistandandi kröfur eru niðurskrifaðar um 250 þús. kr. í árslok 2011. Engin breyting var á niðurskrift á árinu.

## 15. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Stofnframlag S.Í.B.S | Önnur framlög | Höfuðstóll | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2011 | 1.138.195 | 344.744 | ( 516.274) | 966.665 |
| Miðgarður - framlag | | 2.897 | | 2.897 |
| Þjálfunarhús - framlög | | 22.740 | | 22.740 |
| Þjálfunarhús-vaxtagjöld og verðbætur | | ( 17.307) | | ( 17.307) |
| Afgangur ársins | | | ( 5.283) | ( 5.283) |
| Staða 31.12.2011 | 1.138.195 | 353.074 | ( 521.557) | 969.712 |

## 16. Styrkir og framlög

Styrkir frá Erfðafjársjóði og Framkvæmdasjóði fatlaðra eru endurkræfir ef stofnunin verður lögð niður eða starfseminni breytt.

## 17. Lífeyrisskuldbinding

Á stofnuninni hvíla lífeyrisskuldbindingar, vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna, sem eru í lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins og hjúkrunarfræðinga, vegna hluta þeirrar verðbreytingar sem verður á eftirlaunum starfsmanna, eftir að grunneftirlaun eru ákveðin, þegar starfsmenn fara á eftirlaun. Þessi skuldbinding er borin af stofnuninni, í því hlutfalli sem starfsmaður hefur starfað hjá henni, miðað við heildarstarfstíma starfsmannsins.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2011 | 1.718.543 |
| Hækkun vegna breytingar á vísitölu | 122.480 |
| Vextir | 36.093 |
| Greitt á árinu | ( 36.354) |
| Lífeyrisskuldbinding 31.12.2011 | 1.840.762 |

## 18. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 176.005 |
| Næsta árs afborganir | ( 14.874) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi | 161.131 |

## 19. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2012 | 14.874 |
| Árið 2013 | 14.874 |
| Árið 2014 | 14.874 |
| Árið 2015 | 14.874 |
| Árið 2016 | 14.874 |
| Síðar | 101.635 |
| | 176.005 |

# Fimm ára yfirlit endurhæfingarmiðstöðvar

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ýmsar upplýsingar** | | | | | |
| Fjöldi sjúklinga, nýjar innlagnir | 1.082 | 1.125 | 1.111 | 1.271 | 1.221 |
| Komur á göngudeild | 5.116 | 5.892 | 4.362 | 3.860 | 3.159 |
| Fjöldi rúma | 18 | 150 | 150 | 150 | 150 |
| Stöðugildi | 148 | 155 | 173 | 175 | 182 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | | | | |
| Rekstrartekjur samtals | 1.389.190 | 1.407.028 | 1.456.761 | 1.358.296 | 1.256.429 |
| Heildarlaun og launatengd gjöld | 1.108.749 | 1.090.350 | 1.124.477 | 1.097.445 | 1.035.508 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði | ( 11.121) | 11.189 | 15.235 | ( 49.128) | ( 42.402) |
| (Halli) afgangur ársins | ( 5.283) | 18.897 | 24.504 | ( 44.007) | ( 43.475) |
| **Fjárhagsleg þróun** | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri /(til) rekstrar | 29.694 | 44.137 | 142.016 | 70.304 | ( 745) |
| Fjárfestingahreyfingar | 0 | 1.650 | 2.302 | ( 15.547) | ( 16.308) |
| Hreint veltufé | 22.929 | 2.211 | ( 73.750) | ( 121.696) | ( 129.838) |
| Höfuðstóll | ( 521.557) | ( 516.274) | ( 538.729) | ( 563.233) | ( 562.726) |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 1,1 | 1,0 | 0,6 | 0,4 | 0,4 |
| Eiginfjárhlutfall | 75% | 74% | 73% | 71% | 72% |
| Eiginfjárhlutfall að teknu tilliti til lífeyrisskuldbindinga | -57% | -48% | -46% | -46% | -31% |

# Hlein

## Ársreikningur 2011

Hlein
Reykjalundi
270 Mosfellsbær

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Stofnunin rekur heimili fyrir fjölfatlaða einstaklinga í samvinnu við endurhæfingu Reykjalundar.

Afgangur varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2011 að fjárhæð 2,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé stofnunarinnar var neikvætt í árslok um 13,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stofnunin er í 100% eigu Sambands íslenskra berkla- og brjóstholsskjúklinga (S.Í.B.S.).

Stofnunin er ekki rekin með hagnaðarsjónarmiði og greiðir ekki arð til eigenda sinna.

Stjórn S.Í.B.S. og forstjóri Reykjalundar hafa í dag rætt ársreikning Hleinar fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2012.

Stjórn:

Forstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar S.Í.B.S, forstjóri og Ríkisendurskoðun.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hleinar og jafnframt höfum við framkvæmt endurskoðun í umboði Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. apríl 2012.

***KPMG ehf.***

Margret G. Flóvenz

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög úr ríkissjóð | | 117.100 | 108.700 |
| Gjafir og styrkir | | 355 | 608 |
| | | 117.455 | 109.308 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 97.335 | 92.954 |
| Aðkeypt vinna og sérfræðiþjónusta | | 1.443 | 1.435 |
| Lyf | | 1.101 | 1.004 |
| Aðkeyptar rannsóknir | | 7 | 21 |
| Hjúkrunarvörur og lækningatæki | | 1.246 | 920 |
| Þvottur, hreinlætisvörur, lín og fatnaður | | 635 | 590 |
| Matvæli | | 5.270 | 3.946 |
| Sími, pappír og skrifstofuvörur | | 2.636 | 2.484 |
| Viðhald tækja og búnaðar | | 185 | 436 |
| Viðhald húsnæðis og lóðar | | 2.275 | 3.306 |
| Rafmagn, hiti og fasteignatengd gjöld | | 1.943 | 2.320 |
| Gjaldfærð tæki og búnaður | | 147 | 4.931 |
| Akstur, flutnings- og ferðakostnaður | | 694 | 768 |
| Annað, námskeið, tryggingar o.fl. | | 242 | 287 |
| | | 115.159 | 115.402 |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 2.296 | ( 6.094) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 34 | 195 |
| Vaxtagjöld | | 0 | ( 1) |
| | | 34 | 194 |
| **Afgangur (halli) ársins** | | 2.330 | ( 5.900) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | | 24 | 13 |
| Handbært fé | | 399 | 554 |
| **Eignir samtals** | | 423 | 567 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé samtals (neikvætt) | 4 | ( 13.359) | ( 15.689) |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Reykjalundur, skuld vegna halla fyrri ára | | 4.425 | 6.255 |
| Lánardrottnar | | 761 | 1.479 |
| Starfsmannatengdar skuldir | | 8.477 | 8.467 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 119 | 55 |
| **Skuldir samtals** | | 13.782 | 16.256 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 423 | 567 |
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 3 | 33.751 | 30.888 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afgangur (halli) ársins | | 2.330 | ( 5.900) |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 2.330 | ( 5.900) |
| | | | |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 2.474) | 4.721 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 11) | 43 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 2.485) | 4.764 |
| | | | |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 155) | ( 1.136) |
| | | | |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 155) | ( 1.136) |
| | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 554 | 1.690 |
| | | | |
| **Handbært fé í árslok** | | 399 | 554 |

# Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir**

1. **Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

2. **Sameiginlegur kostnaður**

Hlutur Hleinar í sameiginlegum kostnaði Reykjalundar eins og rekstri óskiptra fasteigna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaði nam 3,4 millj. kr. og skiptist í skrifstofukostnað að fjárhæð 2,6 millj., húsnæðiskostnað að fjárhæð 0,5 millj. kr. og bifreiðakostnað að fjárhæð 0,3 millj. kr.

3. **Lífeyrisskuldbinding**

Á stofnuninni hvíla lífeyrisskuldbindingar, vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna, sem eru í lífeyrissjóðum starfsmanna ríkis og bæja og hjúkrunarfræðinga, vegna hluta þeirrar verðbreytingar, sem verður á eftirlaunum starfsmanna, eftir að grunneftirlaun eru ákveðin, þegar starfsmenn fara á eftirlaun. Þessi skuldbinding er borin af sambýlinu í því hlutfalli sem starfsmaður hefur starfað hjá henni, miðað við heildarstarfstíma starfsmannsins.

Skuldbindingin nam 33,8 millj. kr. í árslok 2011 og hækkaði um 2,9 millj. kr. frá fyrra ári. Skuldbindingin er hvorki gjaldfærð í rekstrarreikningi né skuldfærð í efnahagsreikningi.

4. **Eigið fé**

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Samtals |
|---|---|
| Staða 1.1. 2011 | ( 15.689) |
| Afgangur ársins | 2.330 |
| Staða 31.12.2011 | ( 13.359) |

**Ýmsar upplýsingar**

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi heimilismanna | 7 | 7 | 7 | 7 |
| Fjöldi legudaga | 2.555 | 2.555 | 2.555 | 2.555 |
| Stöðugildi | 15,0 | 15,0 | 15,5 | 15 |
| Heildarlaunakostnaður í millj. kr. | 97,5 | 93,0 | 92,3 | 86,9 |

# Reykjalundur
# Rekstrarsjóður iðnaðarhúsnæðis
## Ársreikningur 2011

Reykjalundur, Rekstrarsjóður
iðnaðarhúsnæðis
Reykjalundi
270 Mosfellsbær

Kt. 680172-0139

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar

Félagið sér um rekstur iðnaðarhúsnæðis á Reykjalundi.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2011 að fjárhæð 17,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 122,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af nemur stofnframlag S.Í.B.S. 992,7 millj. kr.

Stofnunin er í 100% eigu Sambands íslenskra berkla- og brjóstholsskjúklinga (S.Í.B.S.).

Stofnunin er ekki rekin með hagnaðarsjónarmiði og greiðir ekki arð til eigenda sinna.

Stjórn S.Í.B.S. og forstjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2012.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsnæðis Reykjalundar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsnæðis Reykjalundar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. apríl 2012.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Leigutekjur | | 24.658 | 30.305 |
| Ýmsar tekjur | | 65 | 60 |
| | | 24.723 | 30.365 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstrarkostnaður | 2,12 | 37.648 | 72.851 |
| Rekstrartap fyrir afskriftir | | ( 12.925) | ( 42.486) |
| Afskriftir | 5 | ( 3.719) | ( 3.719) |
| **Rekstrartap fyrir fjármagnsliði** | | ( 16.644) | ( 46.205) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 290 | 171 |
| Vaxtagjöld | | ( 1.066) | ( 763) |
| | | ( 776) | ( 592) |
| **Tap ársins** | 8 | ( 17.420) | ( 46.797) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fasteignir og nýframkvæmdir | 5,6,7 | 152.765 | 156.484 |
| Fastafjármunir samtals | | 152.765 | 156.484 |
| Skammtímakröfur | | 1.070 | 21.867 |
| Handbært fé | | 5.380 | 477 |
| Veltufjármunir samtals | | 6.450 | 22.344 |
| **Eignir samtals** | | 159.215 | 178.828 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnframlag S.Í.B.S | | 992.694 | 992.694 |
| Höfuðstóll | | ( 870.028) | ( 852.608) |
| Eigið fé samtals | 8 | 122.666 | 140.086 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 4, 9 | 25.257 | 25.158 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 9.542 | 9.905 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Lánardrottnar | | 6 | 773 |
| Skuld við endurhæfingarmiðstöð | | 186 | 994 |
| Afborganir langtímalána á næsta ári | 11 | 881 | 837 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 677 | 1.075 |
| | | 1.750 | 3.679 |
| Skuldir samtals | | 36.549 | 38.742 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 159.215 | 178.828 |

**Skuldbindingar** ........ 4, 9

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap samkvæmt rekstrarreikningi | 8 | ( 17.420) | ( 46.797) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 3.719 | 3.719 |
| Hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar | 9 | 99 | ( 752) |
| Verðbætur af langtímalánum | | 538 | 286 |
| Hreint veltufé til rekstrar | | ( 13.064) | ( 43.544) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 20.797 | ( 18.498) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 1.973) | 813 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 18.824 | ( 17.685) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 5.760 | ( 61.229) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Framlag frá S.Í.B.S. vegna Friðriksbergs | | 0 | 18.000 |
| Framlag frá S.Í.B.S. vegna Múlalundar | | 0 | 41.348 |
| Afborganir langtímalána | | ( 857) | ( 829) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 857) | 58.519 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 4.903 | ( 2.710) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 477 | 3.187 |
| **Handbært fé í árslok** | | 5.380 | 477 |

# Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir**

**1. Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**2. Sameiginlegur kostnaður**

Rekstrarsjóður iðnaðarhúsæðis tekur þátt í sameiginlegum kostnaði Reykjalundar eins og rekstri óskiptra fasteigna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaði. Hlutdeild Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsæðis er í samræmi við tímamælda vinnu.

**3. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fasteignir sem teknar voru í notkun fyrir árið 1984 voru áður metnar á fasteignamati. Litið er svo á að fasteignamat sem var í gildi þann 1. desember 2001 sé stofnverð þessara fasteigna.

Afskriftir tímabilsins eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan líftíma hverrar eignar.

**4. Lífeyrisskuldbinding**

Á Rekstrarsjóði iðnaðarhúsnæðis hvílir skuldbinding vegna eftirlauna nokkurra fyrrum starfsmanna hans. Skuldbindingin var reiknuð af tryggingafræðingi miðað við árslok 2010 en hún hefur að jafnaði verið reiknuð á tveggja ára fresti en verðbætt miðað við hækkun vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn og vaxtareiknuð miðað við 2,0% vexti þess á milli. Skuldbindingin er færð í efnahagsreikning og getið nánar um í skýringu 9.

**5. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | **Fasteignir og ný - framkvæmdir** |
|---|---|
| Stofnverð 1.1.2011 | 200.231 |
| Stofnverð 31.12.2011 | 200.231 |
| Afskrifað 1.1. 2011 | 43.747 |
| Afskrift ársins | 3.719 |
| Afskrifað 31.12.2011 | 47.466 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 152.765 |
| Afskriftarhlutföll | 2 - 12% |

**6. Ábyrgðar- og tryggingaskuldbindingar**

Á fasteignum Reykjalundar hvílir þinglýst tryggingarbréf að fjárhæð 160 millj. kr. til tryggingar skuldum endurhæfingarmiðstöðvarinnar og Rekstrarsjóðs iðnaðarhúsnæðis. Auk þess hefur endurhæfingarmiðstöðin skuldbundið sig til að veðsetja hvorki né selja fasteignir, vegna skuldar að eftirstöðvum 186,5 millj. kr., nema með samþykki Landsbanka Íslands hf.

Heilbrigðisráðuneytið hefur undir höndum tryggingarbréf að fjárhæð 85 millj. kr. til tryggingar á að þjónustusamningur sem endurhæfingarmiðstöðin gerði verði efndur.

## 7. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært fasteignaverð í árslok 2011 nam eftirtöldum fjárhæðum:

| | Bókfært verð | Fasteigna-mat | Vátryggingar-verð |
|---|---|---|---|
| Húseignir | 152.765 | 219.210 | 476.170 |

## 8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Stofnframlag S.Í.B.S. | Höfuðstóll | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1. 2011 | 992.694 | ( 852.608) | 140.086 |
| Tap ársins | | ( 17.420) | ( 17.420) |
| Staða 31.12.2011 | 992.694 | ( 870.028) | 122.666 |

## 9. Lífeyrisskuldbinding

Á Rekstrarsjóði iðnaðarhúsnæðis hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmanna, sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna hluta þeirrar verðbreytingar, sem verður á eftirlaunum starfsmanna, eftir að grunneftirlaun eru ákveðin, þegar starfsmenn fara á eftirlaun.

Skuldbinding þessi nam 25,3 millj. kr. í árslok sem er 0,1 millj. kr. hækkun frá ársbyrjun. Hækkunin er tekjufærð í rekstrarreikningi. Heildargreiðslur vegna þessara lífeyrisskuldbindinga námu 2.189 þús. kr. á árinu.

## 10. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir þeirra:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 10.423 |
| Næsta árs afborganir | ( 881) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi | 9.542 |

## 11. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2011 | 881 |
| Árið 2012 | 881 |
| Árið 2013 | 881 |
| Árið 2014 | 881 |
| Árið 2015 | 881 |
| Afborgun síðar | 6.018 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 10.423 |

## 12. Sundurliðanir

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Þátttaka í launakostnaði Múlalundar | 3.185 | 0 |
| Þátttaka í launakostnaði Eignasviðs S.Í.B.S. | 0 | 4.173 |
| Keypt vinna af endurhæfingu | 2.245 | 2.245 |
| Gjaldfært vegna eftirlaunaskuldbindingar | 2.089 | 1.317 |
| Aðkeypt vinna og sérfræðiþjónusta | 485 | ( 49) |
| Viðhald húsnæðis: | | |
| Aðalinngangur-aðkoma | 21.872 | 0 |
| Annað viðhald | 785 | 0 |
| Bakskálar | 174 | 2.373 |
| Friðriksberg | 617 | 13.318 |
| Múlalundur | 376 | 37.528 |
| Skáli 3 - Rafþjónusta Ingólfs | 325 | 2.923 |
| Verksmiðjuhús | 0 | 1.722 |
| Rafmagn | 194 | 150 |
| Heitt vatn | 300 | 0 |
| Selt heitt vatn | ( 962) | 0 |
| Húsatryggingar | 503 | 598 |
| Fasteignagjöld | 4.027 | 4.577 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 1.100 | 1.360 |
| Opinber gjöld | 65 | 55 |
| Annar kostnaður | 268 | 561 |
| | 37.648 | 72.851 |